



Reykjavíkurborg  
Mannréttinda og lýðræðisskrifstofa, íbúaráð Árbæjar  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 18. nóvember 2020 varðandi eftirfarandi mál.

### **Elliðaárdalur**

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn í Elliðaárdal. Skipulagið byggir á grunni eldra deiliskipulags sem var samþykkt árið 1994 sem fellt er úr gildi. Í tillögunni eru afmörkuð og skilgreind hverfisverndarsvæði í dalnum, gerð grein fyrir helstu göngu- og hjólastígum ásamt nýjum þverunum yfir Elliðaárna og skilgreind helstu útivistar- og áningarstaðir, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 10. febrúar 2020 síðast br. 16. nóvember 2020. Einnig er lögð fram greinargerð Landslags ehf. um forsendur deiliskipulags dags. 10. febrúar 2020 br. 16. nóvember 2020, greinargerð Landslags ehf. um stefnumörkun og skilmála dags. 10. febrúar 2020 br. 16. nóvember 2020, skýringarmynd Landslags ehf. dags. 10. febrúar 2020 og drög Borgarsögusafns Reykjavíkur að varðveislumati og húsaskrá fyrir Elliðaárdalinn. Einnig er lagður fram tölvupóstur stjórnar Hollvinasamtakanna dags. 19. mars 2020 og bréf Halldórs Páls Gíslasonar f.h. Hollvinasamtaka Elliðaárdals dags. 21. apríl 2020. Tillagan var auglýst frá 16. mars 2020 til og með 18. maí 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir/umsögn: Jón Þór Ólason f.h. Stangveiðifélags Reykjavíkur dags. 9. nóvember 2019, Bjarni V. Guðmundsson dags. 18. mars 2020, Vegagerðin dags. 19. mars 2020 og 19. maí 2020, Hörður Guðjónsson f.h. Íþróttafélagsins Fylkis dags. 22. apríl 2020, Umhverfisstofnun dags. 22. apríl 2020, Hlín Sverrisdóttir dags. 7. maí 2020, Hestamannafélagið Fákur dags. 12. maí 2020, skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 14. maí 2020, Sædís Þorleifsdóttir dags. 17. maí 2020, Gunnar H. Guðmundsson dags. 18. maí 2020, Orkuveita Reykjavíkur dags. 18. maí 2020, Veitur dags. 18. maí 2020, Snorri Gunnarsson dags. 18. maí 2020, Ólafur Haraldsson f.h. Frisbígolffélags Reykjavíkur og Íslenska frisbígolfsambandsins dags. 18. maí 2020, Halldór Páll Gíslason f.h. Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins dags. 18. maí 2020, Jósep Valur Guðlaugsson dags. 19. maí 2020, íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts dags. 19. maí 2020, Minjastofnun Íslands dags. 4. júní 2020 og íbúaráð Breiðholts dags. 16. júní 2020. Einnig er lögð fram fornleifaskrá og húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 203, dags. 2020 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 27. október 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2020.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.



## Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2020.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn tillögunni.

Visað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun: Tillagan myndar ramma utan um heildarskipulag dalsins. Stígakerfi er bætt og gert er ráð fyrir nýjum brúartengingum fyrir gangandi og hjólandi, hverfisvernd er augin og rammi settur utan um starfsemi í dalnum. Eftir umsagnarferli eru gerðar ýmsar minnháttar breytingar til að koma til móts við athugasemdir og endurspegla í skipulagi þá starfsemi sem þegar er í dalnum (skíðabrekka, frísbíggjuföllur) eða er þar fyrirhuguð (OR-sýning). Breytingar vegna mögulegra útfærslna gatnamóta í Arnarnesvegur og Breiðholtsbrautar eru ekki hluti af þessari tillögu en kunna að vera nauðsynlegar í framhaldinu.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókunir:

Mikilvægt er að Elliðaárdalurinn njóti verndar í heild, en lengi hefur staðið til að auka hana. Sú deiliskipulagstillaga sem hér er til samþykktar er útvötnuð útgáfa af því svæði sem sátt var um. Best væri að Elliðaárdalurinn nyti friðlýsingar að lögum og svæðið væri mun stærra en hér er gert ráð fyrir. Með þessu skipulagi er verið að ganga gegn þeirri sátt sem náðist í samráðshópi um "Sjálfbæran Elliðaárdal" sem skilaði útarlegri skýrslu í apríl 2016. Ljóst er að íbúar vilja að Elliðaárdalurinn njóti aukinnar verndar og svæðið sé stærra, en nýlega skrifuðu meira en níu þúsund undir áskorun um íbúakosningu vegna áforma um að byggja í jaðri dalsins.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi Sósíalista fagnar aukinni vernd Elliðaárdalsins og bættum tengingum fyrir hjólandi og gangandi en hefði viljað sjá þróunarsvæðin við Stekkjabakka og Suðurfell inni í skipulaginu. Einnig hefði fulltrúinn viljað sjá allan dalinn friðaðan en ekki bara svæðin á milli stíganna.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er kaldhæðislegt að ræða ekki nýlega tæmingu Árbæjarlóns í umræðu um breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals, en stíflan eru friðuð og þar með lónið. Það er mjög sláandi að sjá að skipulagið taki skarpa beygju fram hjá þróunarreit Stekkjarbakka 73, þar sem fyrirhuguð gróðurhvelving/Bio Dome á að rísa. Fyrri hugmyndir gengu út á að reiturinn væri innan þessa mikilvæga útivistar- og náttúrusvæðis sem Elliðarárdalurinn er. Mörk deiliskipulags á öðrum stöðum miðast við útlínur dalsins. Elliðarárdalurinn býr yfir afar fjölbreyttu lífríki. Það er mat borgarfulltrúa Miðflokksins að svæðið innan deiliskipulagsins ætti allt að njóta hverfisverndar í stað þess að marka það innan þeirra stíga sem liggja meðfram ánni á báða bóga. Ríkið verður að grípa inn í þessa atburðarás og friðlýsa svæðið strax eins og gert var með Akurey í Kollafirði 2019. Með friðun er tryggður réttur komandi kynslóða til að njóta náttúrugæðanna sem dalurinn býður uppá. Náttúra innan borgarmarka er takmörkuð auðlind. Elliðarárdalurinn er ein af stærstu auðlind Reykvíkinga.



*Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:  
Elliðaárdalurinn er mörgum afar kær jafnvel þótt varla sé hægt að tala um hann sem ósnortna náttúru lengur. Hann er manngerð náttúra. Þar með er þó ekki sagt að gildi hans sé ekki mikið, þvert á móti. En náttúruleg þróun hans mun taka mið af þeim gróðri sem þar hefur verið plantað. Furur og greni munu sá sér út og barrskógur verður líklega ríkjandi ef ekki verður að gert. Útsýni verður þá takmarkað við næstu metra. Kvartað hefur verið yfir ýmsu í ferlinu t.d. að áform voru ekki öll kynnt í vor þegar deiliskipulag í dalnum var kynnt. Mikil umræða hefur verið um lónið sem er greinilega mörgum kært. Um það vilja margir standa vörð. Tappann skal taka úr vegna þess að ein stofnun sagði að það væri gott fyrir lífríkið. En fulltrúi Flokks fólksins vill bóka um stífluna sem er friðlýst og ekki verður átt við hana án leyfis. Stíflan rífur sjónlínu milli efri og neðri hluta dalsins. Hún liggur yfir ána, bakka á milli og klýfur dalinn- farveginn- í tvennt sjónrænt séð. Tilgangur þessa mannvirkis er lokið. Með því að rífa hana er farið í átt að upprunalegu ástandi Elliðaárdals sem hlýtur að vera jákvætt.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

*Þuríður Guðmundsdóttir*  
Þuríður Guðmundsdóttir

Borgarstjórn samþykkti afgreiðslu ráðsins á fundi sínum 15. desember 2020.

Sjá umsögn skipulagsfulltrúa á eftirfarandi slóð:  
<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/elliidaardalur>

**Athygli er vakin á því að telji einhver á rétti sínum hallað með samþykkt framangreindrar tillögu er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, sbr. lög nr. 130/2011, innan mánaðar frá birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.**

Sent til Stangaveiðifélag Reykjavík ehf., Bjarni Valur Guðmundsson, Vegagerðin, Íþróttafélagið Fylkir, Umhverfisstofnun, Hlín Sverrisdóttir, Hestamannafélagið Fákur, Sædís Guðríður Þorleifsdóttir, Gunnar Hjalti Guðmundsson, Orkuveita Reykjavíkur, Veitur ohf., Snorri Gunnarsson, Frisbígolf félag Reykjavíkur, Hollvinasamtök Elliðaárdalsins, Jósep Valur Guðlaugsson, Minjastofnun Íslands, Reykjavíkurborg